

vogs eða miðju mynni hans, en þar sem í sættinni er gert ráð fyrir, að landamerkjalinan liggi alla leið að „Vörðuhólma“, þá er óþarft að tilgreina örnefni þetta, ef línan hefði átt að liggja úr mynni Djúpavogs, heldur þá, að hún lægi þaðan á sjó út, og væri þá aðeins um sjómerki að ræða, í miðju mynni vogsins.

Er það því álit merkjadómsins, að línan liggi úr miðjum botni Djúpavogs, beina línu í svonefnt „Illaklif“, um ósinn í „Vörðuhólma“, og ber að setja stóra vörðu eða annað varanlegt merki á „Illaklifi“ á landamerkjalinuna þar, með því að þaðan sjest til hinna fyrgreindu örnefna á báðar hliðar.

Málskostnaður, er, samkvæmt framlögðum reikningi, nemur samtals kr. 253,00, virðist eftir atvikum eiga að greiðast að helm-ingi af hvorum málsaðila um sig.

Mánudaginn 12. jan. 1925.

Nr. 43/1924. **Beneficiarius Arnarbælis síra Ólaf-
ur Magnússon** (Sveinn Björnsson)
gegn

Sigurbergi Jóhannssyni (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur aukarjettar Árnæssýslu 7. febr. 1924:
Stefndur Sigurbergur Jóhannsson í Grænhól sje sýkn af kröfum stefnanda, síra Ólafs Magnússonar staðarhaldara Arnarbælis, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir í máli þessu, að fengnu áfrýjunar-
leyfi dags. 3. sept. 1924 og gjafsóknarleyfi í hæsta-
rjetti, skotið til hæstarjettar, með stefnu útgefinni
6. sept. síðastl., dómi aukarjettar Árnæssýslu upp-
kveðnum 7. febr. 1924. Stefndi hefir eigi mætt í
málinu í hæstarjetti og hefir málið því verið flutt
skriflega samkv. 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Samkvæmt áritun á sáttakærunni átti mál þetta að takast fyrir á sáttafundi 30. apríl 1923 og í vottorði sáttanefndar dags. þann dag segir aðeins, að sáttum hafi ekki orðið komið á og sje málinu því eftir kröfu kæranda vísað til aðgjörða dómstólanna. Í vottorði sáttanefndar segir ekkert um það hvort aðilar hafi sótt sáttafundinn sjálfir eða aðrir eftir umboði þeirra eða yfirleitt hvort nokkrir hafi sótt fundinn af þeirra hendi. Það er því eigi sönnun fyrir hendi um það hvort lögleg sáttatilaun hefir farið fram um málið og verður því þegar af þeirri ástæðu ex officio að ómerkja dóminn og vísa málinu frá undirrjettinum. Málsfærslukaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, 70 krónur, greiðist af almannafje en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og visast málinu frá undirrjettinum. Málsfærslukaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmanns Sveins Björnssonar, 70 krónur, greiðist af almannafje, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

